

Æskulýðsstarf
Hestamannafélagsins Þyts



Starfsskýrsla 2010-2011.

Æskulýðsnefnd Þyts 2010-2011.

Greta Brimrún Karlsdóttir formaður
Aðalheiður Sveina Einarisdóttir
Guðný Helga Björnsdóttir
Irena Kamp
Sigrún Eva Þórisdóttir
Vigdís Lillý Sigurjónsdóttir
Þórdís Benediktsdóttir

Uppskeruhátíð.

Þann 30. október 2010 var haldin uppskeruhátíð barna og unglinga. Að þessu sinni var hún haldin í Félagsheimilinu Ásbyrgi. Að venju var vel mætt af unglingum, börnum og foreldrum þeirra. Gaman er að sjá hvað foreldrar eru duglegir að fylgja krökkunum eftir í þessu starfi. Boðið var uppá kökur og pizzur sem foreldrar og velunnarar úr Þyt höfðu töfrað fram. Veittar voru viðurkenningar fyrir knapa ársins í unglinga og barnaflokki. 9 unglingar höfðu lokið við knapamerki 1 og fengu þau sínar viðurkenningar fyrir það hér. Öll börn sem tekið höfðu þátt á einhvern hátt í vetrastarfinu fengu svo gefins beisli og nasamúl. Formaður fór síðan yfir starf líðandi árs og enn og aftur vill formaður þakka öllum þeim sem sína starfinu áhuga og leggja hjálparhönd á plóginn við að koma því öllu í framkvæmd sem gert er eins og t.d. við námskeiðahald, sýningar, uppskeruhátíð, prettándagleði og skemmtireiðtúr.



Prettándagleði.

Prettándagleðin var haldin 8. janúar þetta árið þótt það bæri ekki uppá prettándann sjálfan en þetta var laugardagur og töldum við það henta betur heldur en að vera í miðri viku. Hópreið var með álfakóng og drottningu í fararbroddi, ásamt hirðmeyjum, grýlu, leppalúða og nokkrum jólasveinum. Allt voru þetta krakkar sem eru í æskulýðsstarfi félagsins sem tóku þessi hlutverk að sér og komu með hugmyndir



um klæðnað og fleira sem þau gætu gert. Gaman var að sjá hversu margir fylgdu með í göngunni, ríðandi, fótgangandi eða akandi. Að venju var ríðið í gegnum Hvammstanga, með viðkomu við sjúkrahúsið til að syngja fyrir fólkið þar. Endað var svo í Þytsheimum þar sem öllum var gefið kakó, kaffi og kökur sem félagsmenn höfðu framreitt. Síðan voru tónlistaratriði, leikir og hægt að fara á hestbak í reiðhöllinni. Þessi dagur tókst mjög vel í alla staði, og stóðu krakkarnir sig vel að vanda.

Fundir.

15. nóvember var haldinn fundur í Þytsheimum um vetrarstarfið. Þar mætti stór hópur af krökkum ásamt foreldrum. Skráðu krakkarnir sig í ýmiss námskeið sem fyrir huguð eru í vetur.

Í október eða nóvember munu svo æskulýðsfulltrúar hestamannafélaganna á Norðurlandi vestra hittast til að ákveða daga fyrir Grunnskólamótin sem vekja alltaf mikla lukku hjá þeim krökkum sem hafa áhuga á keppnum.

Reiðþjálfun og fimleikar á hesti (voltigieren).

Mikill áhugi var á reiðþjálfun og fimleikunum á hesti. Um 60 börn á öllum aldri tóku þátt í einhverskonar reiðþjálfun, fimleikum eða keppnisþjálfun í vetur. Ekki náðist í nægilegan fjölda til að halda úti knapamerkjanámskeiði þetta árið. Herdís Einarsdóttir sá um keppnisþjálfunina í vetur og tókst það mjög vel í alla staði. Eiríkur Steinarsson sá um reiðþjálfunartímana og Irina Kamp og Kathrin Schmitt sáu um fimleika á hesti.



Í fimleikum á hesti var boðið upp á byrjenda- og framhaldsnámskeið en alltaf eru fleiri og fleiri sem hafa áhuga á þessari íþróttagreini hjá okkur. Nýr tréhestur, sem fékk nafnið Trausti, er kominn í notkun hjá þeim og reynist hann mjög vel til jafnvægisæfinga áður en farið er á lifandi hest.



Keppnis- og reiðþjálfunin voru 10 tíma námskeið. Leikfimi á hesti var í um 20 skipti. Síðan var reiðþjálfun á laugardögum fyrir yngstu kynslóðina, sáu þær Aðalheiður Einarsdóttir og Irina Kamp um þann þátt. Reiðþjálfunin hófst í enda janúar og stóð fram á vor. Fimleikar á hesti byrjuðu í janúar byrjun og voru fram á vor. Einnig voru sumarnámskeið í þeirri grein.



Grunnskólamótin.

Grunnskólamótin voru haldin í Arnargerði á Blönduósi, í Svaðastöðum á Sauðárkróki og í Þytsheimum hér á Hvammstanga. Góð þátttaka var í þessum mótum. Þau eru byggð upp á því að allir geti tekið þátt og æft sig í að keppa. Má til dæmis vera fleiri en einn keppandi á sama hesti en ekki þó í sama aldurshópi. Búin var til greinin tvígangur þar sem þau sýndu fet og tölt eða brokk og þrígangur þar sem þau sýndu fet, tölt og brokk. Fyrsta mótið var á Blönduósi og keppt var í Smala fyrir 1.-10. bekk en 1.-3. bekkir voru eðlilega með léttari braut en 4.-10. bekkir. Einnig fengu 8.-10. bekkur að keppa í skeiði. Annað mótið var á Sauðárkróki og þar kepptu 1.-3. bekkur í fegurðarreið, 4.-7. bekkur kepptu í tví-eða þrígangi og 8.-10. bekkur kepptu í fjórgangi og skeiði. Og lokamótið var hér í Þytsheimum og kepptu 1.-3. bekkir í fegurðarreið, 4.-10. bekkir í tölti en 8.-10. kepptu líka í skeiði. Á síðasta mótinu bauð æskulýðsnefndin uppá pizzur fyrir alla keppendur á mótunum. Logo fyrir mótið var búið til og sett á plexigler og voru verðlaunapeningarnir úr því og vakti það nokkra athygli.



Sýningar.

19. apríl var haldin æskulýðssýning hér í Þytsheimum. Mikill fjöldi fólks kom að horfa á börnin og unglingana. Buðu þau uppá ýmiss atriði eins og munsturreið, fimleika á hesti, dans, systkinareið og hindrunarstökk.

Allir krakkarnir og unglingarnir voru búin að vera dugleg að æfa sig fyrir sýninguna til að allt gengi nú vel. Meðal annarra atriða var búið að blanda saman munsturreið og nokkrum krökkum á gólfinu að dansa og tókst það mjög vel. Allt gekk þetta upp þrátt fyrir frekar svalt veður þennan dag. Fengu svo allir páskaegg í lok sýningar frá æskulýðsnefndinni.

Hópur barna og foreldra fóru svo á sýninguna Æskan og hesturinn sem haldin var í Svaðastöðum á Sauðárkróki í maí byrjun. Farið var með þrjú atriði þangað, eitt unglinga atriði með munsturreið og svo tvo hópa í fimleika á hesti og vöktu fimleikarnir mikla lukku og athygli. Svo var einn hópur með í sameiginlegu atriði með öllum yngri börnum í hestamannafélögunum sem voru á Æskunni og hestinum Stóðu krakkarnir sig að venju afskaplega vel. Foreldrar fóru með og var þetta mjög skemmtileg ferð í alla staði. Áður en haldið var heim á leið eftir frábærar sýningar á Æskunni og hestinum fóru allir á pizzahlaðborð og skemmtu sér konunglega.



Sumarið.

Um miðjan júní var farið í lokareiðtúr, en starfsemin er ekki mikil yfir sumartímann. Veðrið var heldur betur að stríða okkur þennan dag eins og reyndar flesta dag í sumar. Norðanrok og svalt þannig að þessi reiðtúr endaði sem þrautareið í reiðhöllinni okkar góðu sem enn og aftur sannar gildi sitt. Þar var grillað og farið í leiki. Krakkarnir og unglingarnir voru mjög dugleg og virk að taka þátt í ýmsum keppnum í sumar bæði í heimahéraði og nálægum héruðum. Þeim börnum og unglingum sem komust á landsmót stóð til boða að fá leiðbeiningar og aðstoð frá reyndum knapa, henni Fanneyju Dögg Indriðadóttur. Flottir

fulltrúar frá okkar félagi mættu svo galvaskir á Landsmót í Skagafirði, áttum við þar þrjú í unglingaflokki og þrjár í barnaflokki og komst ein frá þyt í A-úrslit í barnaflokki, frábær árangur það.

Við í æskulýðsnefnd þyts erum mjög ánægð með árið hjá okkur, krakkarnir í mikilli framför sem hestamenn, reiðmenn og íþróttamenn. Foreldrar hafa verið mjög duglegir eins og áður að aðstoða við það sem þarf, enda gengi ekki svona starf nema með virkum foreldrum því margir eiga um langan veg að fara til að mæta á námskeið einu sinni í viku allan veturinn. Vonum við að starfið haldi áfram að blómstra eins og verið hefur undanfarin ár.



Kær kveðja

Æskulýðsnefnd þyts.